Reglugjörð

fyrir Skagafjarðarsýslu um lækningu hunda af bandormum

1. gr.

Hreppsnefnd skal skyld að sjá um hreinsun hunda í hreppi sínum. Til framkvæmdar hreinsuninni skipar hún 1—3 menn eptir stærð hreppsins og skiptir störfum milli þeirra. Enginn hreppsmanna, sem er í sjálfstæðri stöðu, getur skorazt undan starfi þessu, en enginn er skyldur til þess að hafa það lengur á hendi en 3 ár í senn.

2. gr.

Alla 4 mánaða gamla hunda og eldri í hreppnum skal hreinsa einu sinni á ári síðari hluta nóvembermánaðar, og skal öllum hundaeigendum tilkynnt í tæka tíð fyrirfram hvar og hvenær hundalækningin skal fram fara.

3. gr.

Skylt skal öllum hundaeigendum að koma með hunda sína á þá staði, sem hreppsnefnd í samráði við lækningamenn ákveður, enda skal hreppsnefnd skyld til að sjá fyrir húsrúmi til lækninganna, og má borga þann kostnað, er þaraf leiðir, úr sveitarsjóði.

Valdi forföll að hundur komi eigi til lækninga, skal eigandi hans svo fljótt, sem unnt er, láta lækna hann samkvæmt ráðstöfun lækningamanns, en álítist ella að hafa skotið honum undan lækningu.

4. gr.

Lækningunni skal hagað þannig, að hundurinn sje sveltur á undan henni í minnsta kosti 20 klukkustundir undir umsjón lækningamanns, og að honum sje gefin inn 6—8 grömm af kamaladupti eða öðru áreiðanlegu hreinsunarmeðali að læknisráði hrærðu út í graut eða mjólk. Hús það, er lækningin hefir farið fram í, skal hreinsa vandlega á eptir, og brenna eða grafa vandlega það, sem hefir gengið niður af hundunum.

5. gr.

Sýslunefndin annast um að nægilega mikið sje til af hreinsunarmeðölum, og borgast það úr sýslusjóði. Úr sýslusjóði skal og greiða til lækningamanna 25 aura fyrir hvern hund, sem hreinsaður er samkvæmt skýrslu þeirra, og borgast það á næsta manntalsþingi eptir að lækningin hefir fram farið.

6. gr.

Jafnóðum og lækningamenn lækna hundana skrifa þeir hjá sjer á skrá hve marga hunda þeir hreinsa fyrir hvert heimili í umdæmi sínu, senda síðan sundurliðaða skýrslu um lækninguna til hlutaðeigandi hreppstjóra fyrir næstu árslok, en hreppstjóri semur síðan eina sundurliðaða skýrslu fyrir allan hreppinn, og sendir hana til oddvita sýslunefndarinnar fyrir næsta sýslufund.

41
14. marz

7. gr.

Skyldur er hver hundeigandi til að merkja hund sinn annað hvort með fjármarki sínu á eyrum eða með helsi með bæjarnafni eða brennimarki á. Rjettdræpir eru allir þeir hundar, sem ekki eru merktir og sem eru á flækingi.

8. gr.

Hreppsnefnd skal gæta þess vandlega, að reglugjörð þessari sje fylgt.

9. gr.

Brot móti reglugjörð þessari varða frá 1—10 kr. sektum, sem renna í sýslusjóð. Sýslumaður ákveður sektirnar eptir málavöxtum.

Mál útaf brotum móti reglugjörðinni skal farið með sem opinber lögreglumál.

10. gr.

Reglugjörð um lækningu hunda af bandormum í Skagafjarðarsýslu dags. 1. maí 1899 er með samþykkt þessari numin úr gildi.

11. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júní 1902.

* * *

Samþykkt af sýslunefnd Sagafjarðarsýslu á aðalfundi hennar 24—27. febr. 1902.

Skrifstofu Skagafjarðarsýslu 14. marz 1902.

Eggert Briem.

42
17. marz

Reglugjörð

fyrir útbú Landsbankans á Akureyri.

1. gr.

Samkvæmt lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885, 9. gr., er sett á stofn útbú frá Landsbankanum í kaupstaðnum Akureyri. Starfsvið þess skal vera Norðlendingafjórðungur.

2. gr.

Stjórn og framkvæmd á störfum útbúsins hafa á hendi 2 menn, sem stjórn Landsbankans skipar með 6 mánaða uppsagnarfresti, og eru þeir bókari og fjehirðir útbúsins. Hún ákveður, hvor þeirra skuli jafnframt vera framkvæmdarstjóri. Undirskript þeirra beggja þarf til þess að skuldbinda útbúið. Hún skipar og, með 6 mánaða uppsagnarfresti, eptirlitsmann, er skal hafa nákvæmt eptirlit með öllum störfum, bókun og reikningsfærslu útbúsins; stjórn þess skal hafa hann í ráðum með sjer, þegar um vandasöm mál eður stórar lánveitingar